

Vorfundur FRÍ

Fundarsal ÍSÍ í Laugardal
1. júní 2017



Dagskrá

- Fundarsetning
- Afreksstefna FRÍ 2017 til 2024 - Freyr Ólafsson
- Matarhlé
- Afreksstefna FRÍ 2017 til 2024 - framhald
- Yfirlit yfir helstu störf FRÍ frá síðasta formannafundi - Gunnar Svavarsson
- Alþjóðleg mótaþátttaka og kostnaður - Guðmundur Karlsson
- Ársreikningur FRÍ 2016 - Guðlaug Baldvinsdóttir
- Mótaskrá 2018 - Kynning á drögum - Sigurður Haraldsson
- Fundarslit - Freyr Ólafsson



Afreksmál - ferli ÍSÍ

1. Yfirlýsing ríkisstjórnar vor 2016 um aukið fjármagn
2. Starfsnefnd ÍSÍ vann í vetur og fékk marga að
3. Nefnd skilaði skýrslu í mars 2017, sjá [hér](#)
4. Afreksstefna samþykkt á Íþróttapingi, sjá [hér](#)
5. Ný reglugerð Afrekssjóðs ÍSÍ, sjá [hér](#)



Afreksmál

- FRÍ er talið til A/Afrekssársambanda samkvæmt flokkun í skýrslu og vinnugögnum ÍSÍ
- Auknar kröfur eru gerðar til A/Afrekssársambanda
- Sjá dæmi um kröfur úr reglugerð...



a) Sér sambönd þar sem afreksstarfið felur í sér reglulega þátttöku á hæsta stigi í viðkomandi íþróttagrein, með frábærum árangri, s.s. verðlaunasæti eða með því að komast í úrslit...

b) Þarf viðkomandi sér samband að hafa náð þeim árangri á síðustu fjórum árum.



c) Í einstaklingssípróttum skal horft til þess að hið minnsta tveir aðilar hafi náð að komast í úrslit eða unnið til verðlauna á HM/EM eða ÓL/PL á síðustu fjórum árum.



g) Til að sérsambönd séu metin sem A/Afrekssérsambönd skulu þau hafa starfandi ípróttastjóra/landslíðspjálfa í fullu starfi á ársgrunni.

h) Tryggt skal að þeir sem starfa fyrir hönd viðkomandi sérsambands hafi þá menntun sem ætlast er til, samkvæmt afreksstefnu viðkomandi sérsambands og alþjóðlegra sambanda.



i) Til að sérsamband sé metið sem
A/Afrekssérsamband þarf viðkomandi sérsamband að
vera með öfluga hæfileikamótun og vera með
einstaklinga sem talið er að geti komist í fremstu röð í
heiminum í sinni íþróttagrein.



k) Þau sambönd sem metin eru sem A/Afrekssérsambönd skulu vera með afreksstefnu sem gildir til átta ára hið minnsta.

l) Til staðar þarf að vera aðgerðaráætlun til fjögurra ára.



m) Styrkur Afrekssjóðs ÍSÍ mun aldrei fjármagna afreksstarf sérsambands að fullu. Til að sérsamband geti flokkast sem A/Afrekssérsamband skal það sýna fram á, með ábyrgum hætti, hvernig fjármagna eigi aðgerðaráætlun með sjálfsaflafé og framlagi Afrekssjóðs ÍSÍ.



n) A/Afrekssársambönd skulu vera með skilgreinda æfingaaðstöðu fyrir afreksstarf/landslíðsstarf sem uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til viðkomandi íþróttagreinar.



o) A/Afrekssársambönd skulu hafa á að skipa dómara með alþjóðleg réttindi og taka virkan þátt í alþjóðlegum verkefnum.

p) Við mat innan flokksins er sérstaklega horft til möguleika á verðlaunasætum á ÓL/PL/HM/EM í viðkomandi íþróttagrein og afrekslista viðkomandi íþróttagreinar.




Ein forsenda styrkveitingar er að sérsamband hafi á að skipa fagteymi, og er litið til þess við úthlutun afreksstyrkja. Í því skyni getur Afrekssjóður ÍSÍ ákveðið að hlutfall styrkja sem rennur til sérsambanda skuli varið til að standa undir fagteymiskostnaði þeirra og/eða undir sameiginlegri þjónustu til hagsbóta fyrir sérsambönd ÍSÍ, s.s. þjónustu Afreksíþróttamiðstöðvar ÍSÍ



Afreksmál

- Því höfum við nú farið af stað og kynnum: Afreksstefnu FRÍ til átta ára, 2017-2024 og aðgerðaráætlun til fjögurra ára 2017-2020
- Byggir þessi vinna á:
 - Afreksstefnu FRÍ sem unnin var í fyrra
 - Vinnu ÍSÍ: Afreksstefnu ÍSÍ og reglugerð afrekssjóðs
 - Góðri vinnu unglínganefndar FRÍ í vetur



Umræður um Afreksstefnu

Á fundi fór fram kynning og umræða á Afreksstefnu FRÍ - Að loknum umræðum var samhljóða álit að svo skyldi Afrekssýn FRÍ 2017 - 2024 hljóða:

Afreksstarf FRÍ miðar að því að Ísland eigi hverju sinni frjálsíþróttafólk er skipi sér á bekk með þeim fremstu í íþróttinni hverju sinni.

Með þeim hætti sem þessi stefna greinir, vinnur FRÍ að því að eftirfarandi árangur náist á gildistíma stefnunnar:

1. Árlega nái a.m.k. tveir frjálsíþróttamenn árangri sem skipar þeim meðal 50 bestu á heimslista Alþjóða frjálsíþróttasambandsins (IAAF) eða 25 bestu á Evrópulista Evrópska frjálsíþróttasambandsins (EAA) í greininni.
2. Ísland eigi a.m.k. 4 keppendur á EM utanhúss eða 2 keppendur á EM innanhúss á hverjum tíma.
3. Ísland eigi keppanda sem vinnur til verðlauna á EM á tímabilinu.
4. Ísland eigi a.m.k. tvo keppendur á hverjum ÓL og HM á tímabilinu.
5. Ísland eigi a.m.k. einn keppanda í úrslitakeppni á ÓL 2020 eða 2024 sem og á HM 2021 eða 2023.



Umræður um Afreksstefnu

Fundur ræddi sérstaklega hornsteinina Afreksstefnu:

Hornsteinar

Eftirfarandi hópar hafa verið skilgreindir sem hornsteinar afreksstefnu FRÍ:

- a) **Framúrskarandi íþróttafólk**
Framúrskarandi íþróttafólk eru þeir einstaklingar sem skipa sér með árangri sínum í fremstu röð íþróttafólks í heiminum.
- b) **Afreksfólk FRÍ**
Til afreksfólks FRÍ teljast þeir einstaklingar sem náð hafa EAA/IAAF lágmarki til keppni á stórmóti EM, HM, ÓL í fullorðinsflokki og/eða þau sem við lok keppnisárs standa í 50. sæti eða hærra á árslista IAAF eða 25. sæti eða hærra á árslista EAA.
- c) **Afreksefni FRÍ**
Afreksefni FRÍ eru þeir einstaklingar sem náð hafa EAA/IAAF lágmarki til keppni á stórmóti ungmenna - EM U23, U20, U18 og HM U20, U18.
- d) **Landslið FRÍ**
Landslið FRÍ (landslið og unglingslandslið) sem valið er í alþjóðleg landsliðsverkefni og skipað er fremsta frjálsíþróttafólki landsins hverju sinni.
- e) **Hæfileikamótun ungmenna**
Hæfileikamótun ungmenna fer fram í Stórmótahópi FRÍ og Úrvalshópi FRÍ.



Umræður um Afreksstefnu


Skilgreina þarf nánar hvað er, “Framúrskarandi íþróttafólk FRÍ”

a) **Framúrskarandi íþróttafólk**

Framúrskarandi íþróttafólk eru þeir einstaklingar sem skipa sér með árangri sínum í fremstu röð íþróttafólks í heiminum.

Tillaga:

“Framúrskarandi íþróttafólk eru þeir einstaklingar sem skipa sér með árangri sínum í fremstu röð íþróttafólks í heiminum. Þeir sem ná í úrslitakeppni á stórmótum (ÓL/HM/EM) og enda meðal 12 fremstu eða ná að vera meðal 24 fremstu á heimslista IAAF eða 12 fremstu á Evrópulista EAA .”



Afreksstefna FRÍ

Stjórn FRÍ hefur í framhaldi af fundi fjallað um Afreksstefnuna og gert breytingar í kjölfar ábendinga frá Formannafundi. Stefnuna og aðgerðaráætlun má nú lesa, með áorðnum breytingum:

- Afreksstefna FRÍ 2017-2024 [sjá hér](#).



Störf FRÍ frá síðasta fundi

Samantekt á helstu verkefnum FRÍ frá síðasta fundi.

Kynnt af Gunnari Svavarssyni, stjórnarmanni í FRÍ



Staða FRÍ í nóv 2016

- Velta sambandsins áætluð 51 milljón árið 2016
- Einn starfsmaður á skrifstofu í fullu starfi
- 2500 fylgjendur á Facebook



Staða FRÍ í júní 2017

- Velta sambandsins reyndist alls 67 milljón árið 2016
- Tveir starfsmenn á skrifstofu í fullu starfi
- 4035 fylgjendur á Facebook



Framfarir FRÍ

- Ný heimasíða www.fri.is
- Nýr snapchat reikningur: fri-snap
- Nýtt myndasafn á Flickr, sjá [hér](#).



Framfarir FRÍ

- Mjög vel heppnað RIG
 - Fjárhagslega
 - Íþróttalega
 - Kynningarlega



Framfarir FRÍ

- Nýr rammi varðandi mótaþátttöku kynntur
 - Sjá nánar síðar vinnuskjal sem framkvæmdastj. kynnur
- Nýr formaður Fræðslu- og útbreiðslunefndar
 - Gunnhildur Hinriksdóttir formaður
 - S. Arnar Björnsson bætist í nefnd
- Nýr framkvæmdastjóri: Guðmundur Karlsson
- Nýr verkefnastjóri: Helga Guðný Elíasdóttir



Framfarir FRÍ

- Ársuppgjör 2016 lagt fram, sem og uppfærð áætlun 2017
- Ársfjórðungsuppgjör Q1 2017 lagt fram
- Auglýst námskeið fyrir mælingarmenn
- Auglýst námskeið fyrir þjálfara hlaupahópa
- Fagnað bronsverðlaunahafa frá EM



Framfarir FRÍ

- Opnir stjórnarfundir
- Nú setjum við kraftinn í:
 - Lýðheilsamálefni - hlaupaverkefnið
 - Að semja við nýja samstarfsaðila
 - Treysta frekar afreksrammann



Erlend mótaþáttaka

- Guðmundur Karlsson kynnir það sem kallað er í fundarboði:

“Erlend mótaþátttaka og kostnaður”




Erlend mótaþáttaka

Keppnir erlendis 2017		Samtölur	NM inni	EM inni	Vetrarkastmót	Smáþjóðaleikar	HM/Trail	NMU í fjölþraut
Dagsetning móts			11.02.17	3-4.3.17	10-11.3.17	29.5.-04.06.17	10.06.17	10-11.6.17
Fjöldi keppenda		117	5	2	3	21	8	5
Fjöldi þjálfara/fylgdarmanna		38	1	2	0	5	3	2
Kostnaður per þátttakanda/fylgdarfólk			135,000	186,000	100,000	145,000	145,000	150,000
Annar kostnaður			20,000	120,000		150,000		
Áætlaður kostnaður:		22,059,000	830,000	864,000	300,000	3,920,000	1,595,000	1,050,000
Alls kostnaðarþátttaka verkefni		6,390,000	225,000	90,000	135,000	945,000	1,485,000	225,000
Endurgreiðsla mótshaldara/IAAF/EAA		6,088,000		123,000	120,000			
Áætluð innkoma		12,478,000	225,000	213,000	255,000	945,000	1,485,000	225,000
Afreksssjóður, Styrktaraðilar FRÍ greiða		9,581,000						



Erlend mótaþáttaka

Keppnir erlendis 2017 									
	Evrópubikar	Bauhaus-U	Team Fjölþraut	EM U20	EM U23	ÓL.Evr-æsku	HM	NM U20	
Dagsetning móts	24-25.06.17	01-02.07.17	01-02.07.17	20-23.07.17	13-16.07.17	22-30.07.17	04-13.08.17	19-20.08.17	
Fjöldi keppenda	29	5	8	5	7	3	4	12	
Fjöldi þjálfara/fylgdarmanna	7	2	2	3	3	1	4	3	
Kostnaður per þátttakanda/fylgdarfólk	140,000	70,000	130,000	110,000	130,000	120,000	250,000	80,000	
Annar kostnaður	260,000	50,000	50,000	100,000	100,000	50,000	100,000	100,000	
Áætlaður kostnaður:	5,300,000	540,000	1,350,000	980,000	1,400,000	530,000	2,100,000	1,300,000	
Alls kostnaðarþátttaka verkefni	1,305,000	225,000	360,000	225,000	315,000	135,000	180,000	540,000	
Endurgreiðsla mótshaldara/IAAF/EAA	4,000,000	125,000	540,000	210,000	280,000		690,000		
Áætluð innkoma	5,305,000	350,000	900,000	435,000	595,000	135,000	870,000	540,000	



Ársreikningur 2016

- Kynnt af gjaldkera FRÍ Guðlaugu Baldvinsdóttur



Ársreikningur 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrartekjur			
Framlög og styrkir	sl 1	43.961.696	43.508.990
Tekjur af mótum	sl 2	18.107.680	9.976.812
Aðrar tekjur	sl 3	5.493.000	8.207.282
		<u>67.562.376</u>	<u>61.693.084</u>
Rekstrargjöld			
Laun og tengd gjöld	sl 4	11.320.224	8.017.750
Greiðslur til keppenda	sl 5	16.703.321	15.630.384
Móta- og ferðakostnaður	sl 6	23.809.334	22.642.764
Rekstur skrifstofu	sl 7	3.784.269	3.986.361
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	sl 8	2.811.107	266.170
Niðurfærsla á kröfum		600.000	0
Ýmis kostnaður	sl 9	911.690	668.794
		<u>59.939.945</u>	<u>51.212.223</u>
		7.622.431	10.480.861
<i>Hagnaður (tap) fyrir fjármagstekjur og fjármagnsgjöld</i>			
Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		87.136	38.861
Vaxtagjöld		(68.717)	(241.629)
		<u>18.419</u>	<u>(202.768)</u>
		7.640.850	10.278.093
<i>Hagnaður af reglulegri starfsemi</i>			



Ársreikningur 2016

Eigið fé og skuldir	Skýr.	2016	2015
Eigið fé	7		
Flutt frá fyrra ári		5.993.701	(2.224.808)
Hagnaður ársins		6.087.060	8.218.509
		<u>12.080.761</u>	<u>5.993.701</u>
 Skammtímaskuldir			
Laun og launatengd gjöld	sl 11	1.074.519	461.202
Ýmsar skammtímaskuldir	sl 12	3.096.231	6.796.697
Skuldbinding v. Neikvæðs einarhluta í Frí ehf		2.878.103	2.320.035
Yfirdráttarlán			1.044.039
		<u>7.048.853</u>	<u>10.621.973</u>



Mótaskrá 2018

- Á fundinum kynnti Sigurður Haraldsson, formaður Móta- og mannvirkjanefndar, mótaskrá fyrir árið 2018. Fundurinn samþykkti drögin.
Samþykktu drögin má finna [hér](#).



Fundarslit og samantekt

Formaður FRÍ, Freyr Ólafsson þakkaði fyrir góðan formannafund og sleit honum í kjölfarið.

